

## 23. fundur Leiknar

Haldinn með menntamálaráðuneytinu, fimmtudaginn 9. október 2008, kl. 15.30.

Haldinn í húsnæði menntamálaráðuneytisins.

Mætt: Frá menntamálaráðuneyti: Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri og Stefán Stefánsson, símenntunardeild. Frá Leikn: Emil Björnsson, Hulda Ólafsdóttir, Hildur Elín Vignir, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, María Hildipórsdóttir og Finnur Gunnþórsson. Ingibjörg vék af fundi kl. 16.05.

Markmið fundarins var að fá kynningu á frumvarpi að fullorðinsfræðslulögum, sem ráðuneytið hefur unnið. Leikn hefur tilnefnt Emil Björnsson sem fulltrúa sinn vegna samráðs um frumvarpið.

Guðmundur Árnason fór yfir stöðu mála m.a. í ljósi fjármálakreppunnar og sagði að ekki væri gert ráð fyrir að fjárhagsstaða menntunar verði rýrð. Ekki verður heldur frestað gildistöku laga um framhaldsskóla. Hann greindi frá uppbyggingu fullorðinsfræðslu á síðustu árum m.a. að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefði verið stofnuð af ASÍ og SA og hefði hún veri í gildi „direktorats“ og aðstoðað við undirbúning ýmissa mála. Hann telur mikilvægt að skapa þessu starfi lagalega umgjörð vegna mikilvægis málaflokksins og þeirra fjármuna sem settir hafa verið í hann. Þeir sem helst hafa komið að undirbúningi frumvarpsins eru hann sjálfur, Stefán, Arna, aðstoðarmaður ráðherra og Einar Már, þingmaður. Drögin hafi verið borin undir ASÍ og SA á fundi og hafi þeir ekki hreyft neinum mótmælum. Hann sagði ráðuneytið áhugasamt um að heyrja viðbrögð við þessum drögum, en lagði jafnframt á það áherslu að þau væru langt í frá endanleg. Markmið þeirra væri að skapa fullorðinsfræðslunni lagalega umgjörð eins og öðrum skólastigum. Lögin þurfa að spegla þær breytingar sem orðið hafa á málaflokkinum. Markmiðin með lögunum eru bæði að auka sveigjanleika í námi og möguleika á innkomu í menntun aftur. Annað meginmarkmið er að skapa þetta rými án sérstakrar aðildar að stéttarfélögum, en það sé hins vegar viðkvæmt mál. BSRB hefur byggt upp annars konar kerfi. Markmið ráðuneytisins er að byggja upp heildstætt kerfi sem gefur öllum sömu stöðu og sömu tækifæri. Fyrstu þreifingar lofa góðu. Annað markmið er að fella úr gildi lög um starfsmenntun í atvinnulífinu og hefur félagsmálaráðuneytið lýst yfir samþykki sínu við þá nálgun.

Guðmundur fór síðan yfir innihald frumvarpsins og gerði hverjum kafla fyrir sig skil í nokkrum orðum.

### 1. Kafli: Markmið, skilgreiningar og gildissvið

Þar kom fram að lög um starfsmenntun munu falla úr gildi og samkvæmt þeim lagatexta sem nú liggur fyrir verða lögin í megin atriðum sniðin að ríkjandi aðstæðum í fullorðinsfræðslu. Textinn í þessum kafla er annars samræmdur við skilgreiningartexta um önnur skólastig. Lögunum er ætlað að auka sveigjanleika en jafnframt festa í sessi réttindi fólks með stutta formlega menntun að fá þekkingu sína metna með hliðsjón af formlega menntakerfinu.

Lögin gefa fólki tækifæri til menntunar óháð stéttaraðild. Nokkuð rætt um 3. Lið skilgreiningar, hvernig „viðurkenning“ á fræðsluaðila fari fram, en það atriði er nokkuð skilgreint í kafla 2, 6. grein.

2. Kafli: Um skipan framhaldsfræðslu

Þar var nokkuð rætt um væntanlegan Fræðslusjóð og aðkomuleysi fræðsluaðila að sjóðnum. Í 5. Grein var nefnt að ekki væri getið um tengingu við háskólastigið, en á því stigi fer fram umtalsverð framhaldsfræðsla.

3. Kafli: Opinber framlög til framhaldsfræðslu, Fræðslusjóður

Nokkuð rætt um form á framlögum úr fræðslusjóðum. Bent á að skriffinnska vegna gæðamats væri að mati ýmissa aðila á Norðurlöndum verulega íþyngjandi. Þessi lög mættu ekki verða til þess að starf fræðsluaðila kaffærðist í gagnslítilli pappírsvinnu til að „sanna“ rétt á fjárframlögum. Fram kom að þeir aðilar sem þegar hafa samið um föst fjárframlög falla almennt ekki undir framlög úr Fræðslusjóði.

Að lokum var lögð áhersla á að Leikn og aðrir aðilar sem sinna fullorðinsfræðslu fengju tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarpsdrögin þegar greinargerð liggur fyrir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16:45.